

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Nesjavellir – orkuver, orkuvinnslusvæði.

Í breytingunni felst minnkun skipulagssvæðisins um 0,5 ha. Það svæði sem minnkunin nær til er skilgreint sem iðnaðar- og orkuvinnslusvæði alls 0,5 ha en þar af eru um 0,2 ha skilgreindir sem hverfisvernd, gígaröð frá Fálkaklettum að Selklettum. Fyrir utan breytingu þessa gildir áfram greinargerð deiliskipulags sem samþykkt var 17. janúar 2001 ásamt síðari breytingum. Samþykkt í sveitarstjórn 1. mars 2017.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 14. mars 2017.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 29. mars 2017